

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1366/2006

2009/EES/25/40

frá 6. september 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar grunnár fyrir úthlutun kvóta fyrir vetnisklórflúorkolefni til þeirra aðildarríkja sem fengu aðild að Evrópusambandinu hinn 1. maí 2004 (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu⁽³⁾ er árið 1999 notað sem grunnár við úthlutun á kvóta fyrir vetnisklórflúorkolefni. Markaðurinn fyrir vetnisklórflúorkolefni í nýju aðildarríkjunum tíu hefur breyst umtalsvert frá árinu 1999 með tilkomu nýrra fyrirtækja og breytinga á markaðshlutdeild. Ef 1999 er notað sem grunnár við úthlutun á kvóta fyrir vetnisklórflúorkolefni í þessum nýju aðildarríkjunum fá fjölmörg fyrirtæki engan innflutningskvóta. Slíkt gæti talist gerræðislegt og einnig leitt til brots á meginreglunni um bann við mismunum og réttmætum væntingum.
- 2) Meginreglan skal vera sú að kvótar byggist á nýjustu tölum, sem liggja fyrir og gefa sem besta mynd, til að tryggja að fjöldi innflutningsfyrirtækja í nýju

aðildarríkjunum verði ekki útilokaður. Því þykir rétt að velja þau ár sem nýjustu gögn liggja fyrir um. Til að endurspeglar sem best stöðuna á markaðnum fyrir viðskipti með vetnisklórflúorkolefni í nýju aðildarríkjunum tíu skal því nota meðalmarkaðshlutdeild árána 2002 og 2003 sem grunn fyrir fyrirtæki í þessum aðildarríkjunum.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2037/2000 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við i. lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2037/2000:

„i) Þrátt fyrir h-lið skal hver framleiðandi og innflytjandi í Tékklandi, Eistlandi, á Kýpur, í Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, á Möltu, í Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu sjá til þess að reiknað magn vetnisklórflúorkolefna, sem hann setur á markað eða notar til eigin þarfa, verði ekki meira, sem hundraðshlutfall af reiknaða magninu skv. b-, d-, e- og f-lið, en meðalhundraðshlutfall markaðshlutdeildar hans árin 2002 og 2003.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. september 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. LEHTOMÄKI

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2007 frá 8. júní 2007 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 11.10.2007, p. 17.

(1) Stjtið. ESB C 110, 9.5.2006, bls. 33.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 27. apríl 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. júní 2006.

(3) Stjtið. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 29/2006 (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2006, bls. 27).